

Skil á hlutafjármíðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármíðum vegna ársins 2011. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármíðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustu-
síðu á www.skattur.is. Skila skal upplýsingum um hlutafjáreign allra hluthafa í árslok 2011, innlendra sem erlendra. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2011. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármíði vegna tekjuársins 2011									
Upplýsingar um hluthafa/eiganda											
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn									
Nafn og heimilistang		Nafn hlutafelags og kennitala									
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík									
Hlutabréf		76 Útgj. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu (held)	79 Þar af arður talinn sem laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003	80 Endurnæt stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	82 Greiddur arður á árinu	83 Stöðgreiðsla af arði	84 Stöðgreiðsla af arði	85 Dags. arðgreiðslu
		0	250.000	25.000	0			5.000	5.000		15.4.11
Stofnfjárbréf sparisjóðanna		80 Endurnæt stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	82 Greiddur arður á árinu	83 Stöðgreiðsla af arði	84 Stöðgreiðsla af arði	85 Dags. arðgreiðslu				
RSK 2.045											
Frumrit: Til ríkisskattstjóra											

Vakin er athygli á sérstökum reit á hlutafjármíða 2012, þar sem færa skal þann hluta arðgreiðslu sem farið er með sem laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skattalaga.

Í reit 79 skal aðeins færa greidda staðgreiðslu af **arði**. Ekki staðgreiðslu af þeim hluta arðs sem talinn er sem laun.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **10. febrúar 2012**. Sé upplýsingunum skilað á pappírsformi er skilafresturinn styttri, eða til 30. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtnali 2012.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna bessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á www.skattur.is og krefst veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma **442 1000**.